



BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 242

Pjetur A. Ólafsson

(1870 – 1949)

kaupmaður og útgerðarmaður

Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík

www.borgarskjalasafn.is / borgarskjalasafn@reykjavik.is

Einkaskjalasafn nr. 242

Pjetur A. Ólafsson
(1870-1949)

Pjetur (Pétur) Andreas Ólafsson var fæddur 1. maí 1870 í Viðvík í Höfðakaupstað, Vindhælishreppi, A.-Húnavatnssýslu, og lést 11. maí 1949 á Akureyri. Foreldrar hans voru hjónin Ólafur Jónsson (1836-1898) frá Helgavatni í Vatnsdal, veitingamaður í Viðvík, síðar veitingamaður í veitingahúsinu á Akureyri, og Valgerður Narfadóttir (1840-1892), frá Kóngsbakka í Helgafellssveit. Faðir Pjeturs kvæntist öðru sinni Önnu Tómasdóttur (1863-látin í Noregi). Var hún systurdóttir móður Pjeturs.

Systkini eignaðist Pjetur sex að tölu og tvo hálfbræður og auk þess var stúlka að miklu leyti uppalin hjá foreldrum hans. Pjetur dvaldi í föðurhúsum til ársins 1883, fór þá til Eskifjarðar 1883 og var þar við nám og verslun Jóns Magnússonar til vors 1893. Veturinn 1890-1892 dvaldi hann í Kaupmannahöfn og lauk námskeiði í verslunarfræðum, en stundaði auk þess frönskunám hjá pastor Jóni Sveinssyni (Nonna), enskunám hjá Hornung og íslenskunám hjá Bjarna frá Vogu.

Árið 1893 fluttist Pjetur til Flateyjar á Breiðafirði og var þar við verslun Björns Sigurðssonar, frænda síns, síðar bankastjóra, til ársloka 1897. Veturinn 1897 til 1898 var hann enn í Kaupmannahöfn á vegum Björns Sigurðssonar. Vorið 1898 varð hann faktor á Geirseyri í Patreksfirði fyrir aðalverslun og útgerðarstöð nýstofnaðs félags „Íslands Handels og Fiskeri Co“, venjulega skammstafað IHF. Árið 1906 keypti hann þá bækistöð og rak þar verslun og útveg til 1931, en flutti sjálfur til Reykjavíkur 1916 og bjó þar með fjölskyldu sinni til 1928, reisti þar íbúðarhúsið Valhöll við Suðurgötu. Þilskipastóll IHF varð fljótt sá öflugasti á öllu landinu og urðu skúturnar flestar 12, en auk þess gerði félagið einhverja fyrstu tilraunina til togaraútgerðar hérlandis. Var það togarinn Thor sem gerður var út frá Geirseyri 1899-1900. Þá rak það gufuskipið Danía í nokkur ár og var komið með vélbáta þegar árið 1903.

Pjetur flutti til Akureyrar og varð forstjóri fyrir Síldareinkasölunni meðan hún starfaði, 1928-1931. Pjetur sat í stjórn Eimskipafélags Íslands 1919-1927 og stjórnarformaður þess í fjögur ár. Pjetur átti og sæti í samninganefndum um viðskipti við erlend ríki og var sendur í markaðsleit af íslensku ríkisstjórninni víða um Evrópu og S.-Ameríku. Hann var norskur konsúll 1905-1926 og brasilískur konsúll 1923-1933. Meðan hann var á Patreksfirði og í Reykjavík hafði hann einnig nokkur ár verslun í félagi við Carl Jensen í Kúvíkum, verslunarútibú á Grundarfirði og Tálknafirði og síldar- og útgerðarstöð á Ingólfsfirði, en á

Patreksfirði var aðalbækistöðin, mikil verslun og fiskiútvegur með þilskipum og togaranum „Eggerti Ólafssyni“ keyptum 1911. Selveiðar rak hann frá Tálknafirði með til þess keyptu selveiðagufuskipinu „Kópi“ með norski áhöfn. Eftir að hann kom til Akureyrar stundaði hann hvalveiðar frá Tálknafirði í 5 ár með 2 hvalabátum. Pjetur var og frumkvöðull í ljósmyndun og kvikmyndagerð.

Pjetur kvæntist 1. ágúst 1896 Marie Kristine Arnesen frá Kolfreyjustað, Fáskrúðsfjarðarhreppi, S.-Múlasýslu, fósturdóttur föðursystur sinnar Guðrúnar, og Jónasar Hallgrímssonar prófests á Kolfreyjustað. Foreldrar hennar voru Ísak Jónsson Árnasonar Arnesen (d. 1879), verslunarstjóri á Seyðisfirði, og Aðalbjörg Jónsdóttir (d. 1859). Þau eignuðust sex börn, auk tveggja uppeldisbarna.

Heimild: Handrit PAO, Guðjón Friðriksson: Pétur A. Ólafsson, Ljósmyndasafnið.

Skjalaskrá

Askja 1

Endurminningar Pjeturs A. Ólafssonar: 1. Æskuárin á Skagaströnd 1870-1883; 2. Gelgjuskeiðið á Eskafirði 1883-1893; 3. Þroskaárin í Flatey 1893-1897; 4. Athafnaárin á Patreksfirði og víðar 1898-1940. Eintak: Bolli A. Ólafsson.

Innan á kápu eru nokkur minnisblöð, þ.m.t. nákvæm skráning innskriftar í bókina. Bókin er eiginhandarrit með m.a. æviatriðum og álímdum ljósmyndum (mannamyndir, staðarmyndir), margar teknar af Pjetri sjálfum. Frímerki með mynd af Pjetri er að finna í bókinni. Bókin er klædd brúnum umbúðapappír.

Afrit, tölvuprent af sama, ásamt formála eftir Pétur Aðalstein Ingvarsson.

Starfslið P.A. Ólafssonar; húskennarar og heimastúlkur; þjónustustúlkur hjá PAO á Patreksfirði og í Reykjavík, í tímaröð.

Sýningarbæklingur: Pétur A. Ólafsson, Guðjón Friðriksson rekur lífshlaup Pjeturs. Ljósmyndasafnið gaf út, án árs. *Rangt er þar farið með fæðingarár Guðrúnar Valgerðar, en hún er fædd 18. júní 1901. Einnig var brúðkaup Pjeturs og Maríu haldið að Kolfreyjustað, en ekki í Flatey, eins og missagt er í bæklingi þessum.*

Karlmenn á mynd á bakhlið bæklingsins eru þessir þekktir: Kristján Skagfjörð, samstarfsmaður Pjeturs, Sigurður Magnússon, læknir á Patreksfirði og Jón Ólafsson, bróðir Péturs.

Ljósrit af Endurminningum Pjeturs A. Ólafssonar.

Fjöldi ljósmynda Pjeturs A. Ólafssonar voru afhentar Ljósmyndasafni Reykjavíkur.

Skráð Ragnhildur Bragadóttir

Askja 2

Trésmíðastofan Laugavegi 1, ljósmynd í ramma. Áður hesthús Jóns Péturssonar háyfirdómara. Haraldur Ágústsson hóf nám sitt í þessu húsi 23.5.1927, Haraldur gaf myndina, sjá nánari texta á bakhlið.

Bréf og uppdráttur vegna hafnarframkvæmda á Vatneyri við Patreksfjörð til

Herra Konsúls Péturs Á Ólafssonar d. 14.6.1946.

Hjónavígslubréf fyrir Handelsmand Pjetur Andreas Ólafsson og

Fröken Maríu Kristínu Arnesen frá 17. júní 1895.

Hjónavígslubréf fyrir Aðalstein P. Ólafsson, Geirseyri og Stefaníu Erlendsdóttur frá 4 júlí 1926.

Ljósrit af myndum sennilega flestum frá Patreksfirði: Vatneyri og Geirseyri.

Myndmót frá Reykjavík og víðar m.a.: Ráðherrabústaðurinn, s/s Goðafoss í Reykjavíkurhöfn, Reykjavíkurhöfn með Esjuna í bakgrunni, togarinn Eggert Ólafsson með Esjuna í bakgrunni, Tjörnin og Vonarstræti,

*Skráð í febrúar 2007,
Guðjón Indriðason*